



Reykjavík 10. febrúar 2021

Efni: Fjöldatakmarkanir – menningarstarfsemi

Tilslökunin tekur gildi 8. febrúar 2021 og gildir til og með 3. mars, en aflétting eða framlenging á henni verður endurmetin af stjórnvöldum. Almenn fjöldatakmörkun er að 20 einstaklingar mega koma saman. Í söfnum, svo sem bóka- og skjalasöfnum, listasöfnum, minjasöfnum, náttúrugripasöfnum og tæknisöfnum er heimilt að taka við fimm gestum á hverja 10m², þó að hámarki 150 viðskiptavinum í rými að því gefnu að uppfyllt skilyrði um a.m.k. 2 metra á milli einstaklinga sem ekki eru í nánum tengslum.

Starfsfólk er hvatt til að sinna þrifum vel á sínum starfsstöðvum. Við hvetjum alla að fylgjast vel með leiðbeiningum sem koma frá landlækni og heilbrigðisfólki varðandi sóttvarnir, almenna umgengni og þrif þ.e.:

- Gæta vel að hreinlæti, þvo hendur reglulega með sápu og nota handspritt.
- Ef notaðir eru hanskar þarf að skipta oft um þá og hreinsa hendur fyrir og eftir notkun.
- Forðast snertingu við augu, nef og munn.
- Mikilvægt er að aðgengi að handspritti fyrir starfsmenn og gesti sé gott.
- Hugðið vel að yfirborðsflötum t.d. hurðahúnum, handriðum, lyftuhnöppum, snertiskjám, lyklaborðum, tölvumúsum, greiðsluposum og ljósarofum.
- Ákjósanlegt er að einn starfsmaður noti eina starfsstöð heila vakt og hreinsi helstu snertifleti áður en annar tekur við starfsstöðinni.
- Minna gesti bókasafna á handhreinsun og tveggja metra regluna með skiltum og merkingum við afgreiðsluborð og sjálfsafgreiðslustöðvar.
- Sé kaffiaðstaða til staðar þarf að þrifa snertifleti milli einstaklinga. Söfn eru jafnframt hvött til að meta nauðsyn þess að hafa kaffiaðstöðu opna
- Sé boðið upp á smiðjur eða annað sem dregur að sér hópamyndun, þarf að að tryggja 2m nálægðarmörk milli ótengdra aðila og þá fjöldatakmörkun sem er í gildi.

Á bókasöfnum er þar að auki æskilegt að huga að:

- Veiran lifir skemur á pappír en plasti.
- Bækur og plastaðar tímaritskápur er rétt að sótthreinsa að utan verðu ef kostur er áður en gengið er frá þeim í hillur.
- Ekki þarf að hreinsa innri síður.
- Draga úr fjölda gesta í bókasafni hverju sinni, t.d. með því að hafa tímamörk á notkun tölva ef þær eru til almenningsnotkunar.